

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 474/1994.

Lind hf.

(Guðni Haraldsson hrl.)

gegn

protabúi Ingibergs Hafsteinssonar

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Vörslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. nóvember 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur í heild sinni, en til vara, að honum verði hrundið, að því er varðar eftirtalin tæki: Tvær DNG-handfærarúllur, verksmiðjunúmer 211048-F og 546078-F, dýptarmæli FCV-551 og 24 mílna rat-sjá, hvort tveggja af gerðinni Furuno, talstöð Kelvin Hughes af gerðinni Husun, 55 VHF, Loran Plotter, LP-1000, Setrex-727-sjálfstýring með útistjórnækjum og gírókompás og Koden Loran af C gerð, L-790. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Bú Ingibergs Hafsteinssonar var tekið til gjaldþrotaskipta 19. nóvember 1993.

Í fjármögnunarleigusamningi sóknaraðila og Gunnars Kristinsonar 29. janúar 1992 um bátinn Krata Pál, VE-065, sem síðar bar heitið Abbý, HF-057, er þess getið, að siglingatæki séu leigð með bátnum. Er um tæki þessi vísað til sérstaks lista, er fylgi samningnum. Þessara tækja er hins vegar að engu getið í fjármögnunarleigusamningi sóknaraðila og Ingibergs 15. febrúar 1993 um bátinn Abbý, HF-057. Fimm þeirra muna, sem varnaraðili krefst afhendingar á úr

hendi Ingibergs Hafsteinssonar, eru á framangreindum lista, sem er vélritaður á bréfsefni sóknaraðila. Í málinu liggur hins vegar fyrir eintak þessa lista, þar sem hefur verið handritað nafn Ingibergs og heiti bátsins Abbyjar, HF-057, í stað nafns Gunnars Kristinssonar og bátsins Krata Páls, VE-065. Ekki er þar getið samnings sóknaraðila og Ingibergs.

Ákvæði 72. gr. laga nr. 21/1991 segir fyrir um, að þrotabúi eignist öll fjárhagsleg réttindi þrotamanns, sem hann á við upphaf skipta, nema þau, sem honum er heimilað að halda samkvæmt 72. gr. og 73. gr. laganna. Munir þeir, sem varnaraðili hefur krafist afhendingar á, voru í vörslum þrotamannsins við upphaf skipta og falla ekki undir undanþágur þessar. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á eignarrétt sinn að mununum með þeim hætti, að komið verði í veg fyrir afhendingu þeirra til varnaraðila. Samkvæmt þessu og þegar litið er til þess, að muna þeirra, sem hér er deilt um, er að engu getið í samningnum frá 15. febrúar 1993, ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar, að því er varðar þá muni, sem krafa sóknaraðila lýtur að.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar skyldu Ingibergs Hafsteinssonar til að afhenda Garðari Briem, skiptastjóra í þrotabúi Ingibergs Hafsteinssonar, eftirtalda muni: Tvær DNG-handfærarúllur, verksmiðjunúmer 211048-F og 546078-F, dýptarmæli FCV-551 og 24 mílna ratsjá, hvort tveggja af gerðinni Furuno, talstöð Kelvin Hughes af gerðinni Husun 55 VHF, Loran-Plotter, LP-1000, Setrex-727-sjálfstýring með útistjórnækjum og gírókompás og Kodan-Loran af C-gerð, L-790.

Sóknaraðili, Lind hf., greiði varnaraðila, þrotabúi Ingibergs Hafsteinssonar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. nóvember 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining um skyldu þrotamanns til að láta eignir af hendi, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. október sl.

Sóknaraðili, þrotabú Ingibergs Hafsteinssonar, kt. 050556-3779, Sóleyjar-ötu 17, Reykjavík, krefst dómsúrskurðar um, að eftirtalin tæki verði tekin úr vörslum þrotamanns, Ingibergs Hafsteinssonar, Skúlaskeiði 14, Hafnarfirði, og fengin skipuðum skiptastjóra, Garðari Briem hdl., fyrir hönd þrotabúsins:

- 1) 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F,
- 2) 2 stk. Atlander-handfærarúllur verksmnr. 3090 og 3115,
- 3) 1 stk. farsími af Storno-gerð,
- 4) 1 stk. dýptarmælir, Furuno-gerð, FCV-551,
- 5) 1 stk. Koden-Loran, C-gerð, LR-790,
- 6) 1 stk. Koden-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900,
- 7) 1 stk. talstöð, Kelvin-Hughes, gerð Husun 55, VHF,
- 8) 1 stk. talstöð, Norðland, lítil CB-stöð,
- 9) 1 stk. talstöð, Raytheon-gerð, Ray-98E,
- 10) 1 stk. 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð,
- 11) 1 stk. Loran-Plotter, LP-1000,
- 12) 1 stk. SETREX 727 sjálfstýring með útistjórnstækjum og gírókompás.

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, kt. 050556-3779, Skúlaskeiði 14, Hafnarfirði, gerir þá dómkröfu, að synjað verði kröfu sóknaraðila um úrskurð um afhendingu muna þeirra, sem upp eru taldir í kröfu sóknaraðila, nema talstöðvar af Norðland-gerð.

Krafa sóknaraðila barst dóminum 22. september 1994. Við fyrirtöku kröfunnar á dómþingi 12. sama mánaðar sótti varnaraðili þing og hafði uppi mótmæli við kröfunni. Var þá mál þetta þingfest. Við fyrirtöku málsins á dómþingi 24. október var þing einnig sótt af hálfu Lindar hf.

Meðalgönguaðili, Lind hf., Lágmúla 6, Reykjavík, gerir þær dómkröfur, að meðalganga þess verði leyfð og að kröfum sóknaraðila verði hafnað, hvað varðar eftirtalin tæki:

- 1) 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F,
- 2) 1 stk. dýptarmælir, Furuno-gerð, FCV-551,
- 3) 1. stk. talstöð, Kelvin-Hughes-gerð, Husun-55, VHF,
- 4) 1 stk. 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð,
- 5) 1 stk. Loran-Plotter, LP-1000,
- 6) 1 stk. SETREX-727, sjálfstýring með útistjórnstækjum og gírókompás,
- 7) 1 stk. Koden-Loran af C-gerð, L-790.

Pá er gerð krafa um málskostnað að mati réttarins.

Atvik að baki máli þessu eru þau, að með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 19. nóvember 1993, var bú varnaraðila, Ingibergs Hafsteinssonar, tekið til gjaldþrotaskipta og Garðar Briem hdl. skipaður skiptastjóri.

Í kröfu sóknaraðila er greint svo frá, að í ljós hafi komið, að varnaraðili hafi í vörslum sínum um borð í bát, sem hann hafi haft til umráða á grundvelli kaupleigusamnings, lausafjármuni, sem falli undir eignir þrotabús hans. Varnaraðili hafi ekki fengist til að afhenda þessa muni, en gefið þá skýringu, að aðrir eigi þessa hluti, án þess að geta lagt fram haldbær gögn, sem sýni fram á það. Kröfu sína um umráð yfir umræddum munum byggir sóknaraðili á l. nr. 21/1991, sérstaklega 3. mgr. 82. gr.

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, heldur því fram, að hann sé ekki eigandi þeirra tækja, sem krafist er afhendingar á, nema talstöðvar af Norðland-gerð. Tæki þau, sem tilgreind séu undir liðum nr. 1, 4, 5, 7, 10, 11 og 12 í kröfu sóknaraðila, séu eign Lindar hf. Atlander-handfærarúllur séu eign Viðars Sæmundssonar skipstjóra, og hefur varnaraðili lagt fram í dómnum yfirlýsingu hans, dagsetta 26. 10. 1994, að hann sé eigandi tveggja Atlander-handfærarúllna, sem séu í bátnum Abbý, HF-57, og beri verksmiðjunúmerið 3090 og 3115. STORNO-farsímann kveður hann vera eign sonar síns, Hauks Ingibergssonar. Kom hann fyrir dóminn sem vitni og bar, að hann ætti símann. Koden-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900, kveður hann vera eign Eyjólf Kristjánssonar, og hefur hann lagt fram í dómnum greiðslukvittun Radiómiðunar hf. til Eyjólf Kristjánssonar, Stekkjarhvammi 58, Hafnarfirði, dags. 16. 2. 1993, fyrir KGB-gervitunglamóttakara, KGB900-103. Raytheon-talstöð kveður varnaraðili vera eign Guðjóns Arnar á Garpi.

Meðalgönguaðili, Lind hf., greinir svo frá atvikum, að 29. janúar 1992 hafi Lind hf. og Gunnar Kristinsson gert með sér samning um fjármögnunarleigu á bátnum Krata Páli, VE-065, skráningarnúmer 6792, og siglingatækjum skv. meðfylgjandi lista. Hinn 15. febrúar 1993 hafi Ingibergur Hafsteinsson sótt um eignaleigu á sama bát, sem þá hét Vala, VE-65 (skrannr. 6792), en síðar hafi báturinn fengið nafnið Abbý, og hafi leigusamningur verið gerður sama dag. Listi yfir fylgihluti, sem fylgdu samningnum við Gunnar Kristinsson, hafi fylgt samningnum, og hafi verið krossað við þau tæki, sem fylgdu til Ingibergs.

Málsástæður og lagarök meðalgönguaðila.

Meðalgönguaðili styður meðalgöngu sína 20. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, en úrslit máls þessa skipti hann miklu, þar sem hann sé raunverulegur eigandi nokkurra af þeim tækjum, sem krafist sé afhendingar á.

Listi yfir fylgihluti þá, sem fylgt hafi samningnum við Gunnar Kristinsson, hafi einnig fylgt samningi Lindar hf. og Ingibergs, og hafi verið krossað við þau tæki, sem fylgdu með til Ingibergs. Skv. grein 2.9. í samningi aðila sé leigumunur eign leigusala. Báturinn og fylgihlutirnir séu því eign Lindar hf. Þá sé Lindarskip hf. auk þess þinglýstur eigandi bátsins skv. veðmálabók, en Lind hf. og það félag hafi verið sameinuð. Þeir hlutir, sem hér um ræði, teljist til fylgifyjár skipsins, sbr. 26. gr. laga nr. 39/1978, en bátur sá, sem hér um ræði, sé 5,9 brúttórúmllestir.

Niðurstaða.

Úrslit máls þessa skipta Lind hf. máli að lögum, og er Lind hf. því heimil meðalgangan, sbr. 20. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

Í fjármögnunarleigusamningi Lindar hf. og Ingibergs Hafsteinssonar um bátinn ABBÝ, HF-57, er þess ekki getið, að bátnum fylgi fylgihlutir. Af hálfu Lindar hf. og varnaraðila er því haldið fram, að listi yfir fylgihluti, sem fylgdi samningi Lindar hf. og Gunnars Kristinssonar um sama bát, en í þeim samningi er vísað til meðfylgjandi lista yfir siglingatæki, hafi fylgt samningnum við varnaraðila og að krossað hafi verið við þau tæki á listanum, sem fylgdu með til Ingibergs. Á listanum, sem liggur frammi í ljósríti, hefur verið strikað yfir nafn Gunnars Kristinssonar og nafn Ingibergs Hafsteinssonar ritað í staðinn, og á eftir upphaflegu nafni bátsins er skráð: nú ABBÝ, HF-057. Á listanum er krossað við fleiri tæki en þau, sem Lind hf. gerir kröfur um í máli þessu. Þá eru ekki tilgreind á listanum tvö þeirra tækja, sem Lind hf. kveður vera sína eign, þ. e. 1 stk Koden-Loran af C-gerð, LR-790, og talstöðvar af Kelvin-Hughes-gerð, Husun 55, VHF. Listinn er ekki undirritaður af aðilum, og ekki kemur fram á honum, að hann sé fylgiskjal með samningi aðila.

Pegar framanrakið er virt og það sérstaklega, að í samningi aðila er listans ekki getið sem fylgiskjals, né kemur það fram á listanum, að hann sé fylgiskjal með samningnum, þykir umræddur listi ekki vera fullnægjandi sönnun fyrir eignarrétti Lindar hf. á þeim tækjum, sem félagið kveðst eiga og getið er á listanum. Þá þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að umræddir fylgihlutir teljist til fylgifyjár bátsins.

Varnaraðili, Ingibergur, hefur lagt fram yfirlýsingu þess efnis, að Viðar Sæmundsson skipstjóri sé eigandi 2 stk. Atlander-handfærarúllna, verksmnr. 3090 og 3115. Þá hefur hann lagt fram kvittun til Eyjólf Kristjánssonar frá Radíómiðun hf. fyrir greiðslu á KGP900-103 KGP-gervitungla-móttakara. Verður ekki fallist á, að fram lögð skjöl séu sönnun fyrir

því, að varnaraðili, Ingibergur, sé ekki eigandi tækjanna. Vitnisburður Hauks Ingibergssonar um, að hann sé eigandi STORNO-farsímans, veitir einn sér ekki næga sönnun fyrir eignarhaldi hans á símanum. Þá er á engum gögnum að byggja um Raytheon-talstöðina. Loks hefur varnaraðili viðurkennt, að hann eigi litla Norðland-talstöð.

Samkvæmt framangreindu verður varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, úrskurðaður til að afhenda sóknaraðila öll hin umkröfðu tæki.

Eftir niðurstöðu málsins verður málskostnaður ekki úrskurðaður, en meðalgönguaðili gerði einn kröfu um málskostnað.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir dómarafulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, Ingibergur Hafsteinsson, afhendi Garðari Briem hdl., skiptastjóra f. h. þrotabús Ingibergs Hafsteinssonar, eftirtalin tæki: 2 stk. DNG-handfærarúllur, verksmnr. 211048-F og 546078-F, 2 stk. Atlander-handfærarúllur, verksmnr. 3090 og 3115, farsíma af Storno-gerð, dýptarmæli, Furuno-gerð, FCV-551, Kodan-Loran, C-gerð, LR-790, Kodan-Gps-staðsetningartæki, gerð KGP-900, talstöð Kelvin-Hughes-gerð, Husun 55, VHF-talstöð, Norðland, lítil CB-stöð, talstöð, Raytheon-gerð, Ray-98 E, 24 mílna ratsjá af Furuno-gerð, Loran-Plotter, LP-1000, SETREX-727-sjálfstýringu með útistjórntækjum og gírókompás.